



SAGA2YA05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun – haustönn 2021

Kennari: Lárus Ágúst Bragason og Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Skammstöfun: LB og TDT

Áfangalýsing

Í áfanganum er sögunni fylgt í tímaröð frá upplýsingum fram til dagsins í dag. Aðaláhersla verður á Evrópu og Íslandssögu þótt vísað verði til annarra heimsálfa þar sem tækifæri gefast. Í Íslandssögunni verður lögð áhersla á breytingar frá bændasamfélagi til nútímans, frá sjálfsþurft til iðnvæðingar. Einnig verður litið til til áhrifa erlendra atburða, viðhorfa og skoðana hér á landi. Áfanginn er án lokaprófs.

Kennslufni

Íslands- og mannkynssaga 2, Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir,
Iðnú: <https://www.idnu.is/vara/vefbok-islands-og-mannkynssaga-2/>

Yfirferð

Vikur	Efni	Verkefni og próf
1	Kynning á áfanga	
2	1. Byltingar og stríðstímar 2. Frá Vínarfundum til Þjóðfundar	
3	3. Iðnbylting og borgarlíf	Verkefni um orsök og afleiðingu
4	4. Íslenskt samfélag á 19. öld A- hluti og B- hluti	Fréttaverkefni
5	5. Þjóðerni, ríkjamyndun og sjálfstæðisbarátta	Skilaverkefni
6	6. Vesturheimsferðir og nýlendustefna	Míkróverkefni
7	Prófavika	Próf 1
8	7. Aldamót	Skilaverkefni
9	8. Stormasöm ár A- hluti og B- hluti	
10	Verkefnavika	Hópverkefni
11	9. Mannkynssagan tekur nýja stefnu 10. Heimsstyrjöldin seinni	
12	Verkefnavika	Viðtal við eldri ættingja
13	11. Austur og vestur	
14	Prófavika	Próf 2
15	Viðtöl	

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu þáttum/viðburðum í sögu Íslands og heimsins á 19. og 20. öld
- orsökum og afleiðingum þeirra atburða sem einkenna þetta tímabil og hafa mótað samfélagið eins og við þekkjum það í dag
- heimildaöflun
- að kynna ákveðið viðfangsefni sem byggir á heimildaöflun

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- færa rök fyrir máli sínu
- nota heimildaskrá
- skrifa fræðilegan texta
- geta lýst aðstæðum á tilteknum tíma og rakið atburðarrás í stórum dráttum.
- skýra helstu viðburði Íslandssögunnar
- gera greinarmun á staðreynd og túlkun.
- draga sjálfur ályktanir
- að flytja af nokkru öryggi endursagnir, kynningar og lýsingar á tilteknum málefnum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kynna fræðilegt efni á viðeigandi hátt
- færa rök fyrir niðurstöðum
- gera sér grein fyrir orsakir og afleiðingar
- geta rakið þróunarferli einhvers þjóðfélagsþáttar s.s. hugmyndar, atvinnuvegar, menningarsvæðis
- tengt atburði sögunnar við okkar tíma
- geta sýnt kunnáttu sína í ljósu og samfelldu máli

Sérreglur áfangans: Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Nemendur fæddir 2001 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Sama gildir um nemendur með opið vottorð.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skilamappa	Spurningar, tímaásar og leiðréttingar	30%
Verkefni	Tímaverkefni, skilaverkefni	20%
Próf	Skrifleg próf	30%
Heimildaverkefni	Heimildaverkefni	10%
Flipp	Fjölbreytt verkefni og námsmat	10%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 16. ágúst 2021. Lárus Bragason og Tómas Davíð Ibsen Tómasson